

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. apríl 2012  
Tilvísun: UST20120400002/bs

### Efnistaka úr Brúará-Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um beiðni Sigurðar Sigurðssonar dags. 20. mars sl. um leyfi til efnistöku á tveimur stöðum úr og við Brúará.

Í 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd segir: "*Áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. gr. sömu laga skal liggja fyrir áætlun framkvæmdaraðila um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.*"

Umhverfisstofnun telur ofangreinda umsókn Sigurðar Sigurðarsonar ekki í samræmi við 48. gr. fyrrnefndra laga, þar sem þær upplýsingar sem fylgja eiga umsókn um framkvæmdaleyfi skortir.

Fyrirhuguð efnistaka mun raska farvegi Brúarár því vill Umhverfisstofnun benda á að Brúará ásamt 200 m spildu beggja megin árinna er á náttúruminjaskrá, svæði nr. 739. Ennfremur er efnistaka úr ám og vötnum óleyfileg nema að fengnu leyfi Fiskistofu.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi áætlun um efnistöku í samræmi við lög um náttúruvernd þannig að unnt sé að gefa umsögn um fyrirhugaða efnistöku. Einnig ætti að leita álits

Veiðimálastjóra þar sem ráðgert er að raska farvegi Brúarár. Að mati Umhverfisstofnunar ætti sveitastjórn að leita álits Veiðimálastjóra á mögulegum áhrifum fyrirhugaðrar efnistöku í ljósi þess að efnistaka hefur farið fram í farvegi Brúarár skammt ofan fyrirhugaðra efnistökusvæða.

Virðingarfyllt

Olafur A. Jónsson  
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson